

Rafrænn rakastillir 230 V~
2265 ..

GIRA

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Postfach 1220
D-42461 Radevormwald
Sími +49 (0) 2195 / 602 - 0
Fax +49 (0) 2195 / 602 - 339
info@gira.de
www.gira.com

GIRA

Virkni


Rakastillirinn mælir rakastig og hitastig í herbergi með innbyggðum skynjurum og reiknar út ákjósanlegt loftrakastig fyrir hitastigið sem mælt er hverju sinni. Ef loftrakastigið fer yfir þau mörk sem stillt er á með stillirofanum kveikir rakastillirinn t.d. á viftu eða gluggadrifi til þess að draga úr raka í rýminu.



Stilling með stillirofa

Miðstaða rofans (55% rh) jafngildir því rakastigi sem almennt telst þægilegt. Gera skal breytingar með stillirofanum í litlum skrefum þar til fundin er stilling sem notanda finnst þægileg.

Stjórnþunaður og gaumljós



Stillirofinn er notaður til þess að stilla óskgildi fyrir rakastig (20% - 95% rh).

Hnappur / rautt ljós
Biðstaða

Grænt ljós sýnir að kveikt sé á viftu

Ljós	Merking
Rautt logar	Biðstaða virk
Grænt logar	Kveikt á viftu
Rautt og grænt blikka	Uppsetning á rangri innfellstri grunneiningu


Biðstaða

Rakastillirinn skiptir yfir í biðstöðu að 1 klukkustund liðinni, t.d. til þess að tengd vifta gangi ekki viðstöðulaust. Er þá slökkt á viftunni í um 4 klukkustundir. Rauða ljósið gefur til kynna að biðstaða sé virk. Ef rakinn er enn of mikill að 4 klukkustundum liðnum er aftur kveikt á viftunni. Virkni biðstöðuhnappa:

- Stutt snöggt á hnappinn: Kveikt á viftu
- Hnappinum halðið inni (4 sek.): Slökkt á viftunni í 4 klukkustundir

Föst stilling

Til þess að koma í veg fyrir að hægt sé að breyta stillingu rakastigs í heimildarleysi (t.d. í leiguibúðum eða opinberum byggingum) er hægt að stilla á fast gildi á bakhlið rakastillisins. Stillingin er þá föst á 60% rh, óháð stöðu stillirofans á framhlið tækisins.



Föst stilling gerð virk:

Snúið stillirofanum á bakhlið rakastillisins á **fix 60%** (eins langt til hægri og hægt er).

Stilling með stillirofa gerð virk:

Snúið stillirofanum á **variabel 20-95%** (eins langt til vinstri og hægt er).

Rakastillirinn þrifinn

Þvíð skal rakastillinn með því að þurka af honum utanverðum með rökum klúti. EKKI má nota hreinsiefni þar sem þau geta valdið skemmdum á ytra byrði og rafeindabúnaði.

Athugið:

Verið getur að rakastillirinn mæli of mikinn raka í einhvern tíma eftir að hann er þrifinn.

Uppsetning

Ákjósanlegur uppsetningarstaður:

- Í u.p.b. 1,5 metra hæð.
- Setja skal tækið upp á stað þar sem sól skín ekki beint á það og ekki er dragsúgur eða hiti frá rafmagnstækjum (s.s. yfir hellum eða ísskápum).
- Setjið tækið ekki upp þar sem er bein hitageislun frá ofnum.
- Notið tækið ekki í sömu einingum og rafmagnstæki sem gefa frá sér hita, t.d. ljósdeyfar.
- Undirlag sem dregur í sig raka (t.d. gifsplötur) getur haft áhrif á stýringu rakastigs. Af þessum sökum skal frekar setja tækið upp á fleti sem dregur ekki í sig raka (t.d. flísum).
- Í baðherbergjum skal gæta þess að fjarlægðir samræmist DIN VDE 0100-701.

Rafmagnstenging




Viðvaranir

Eingöngu rafvirkjum er heimilt að annast ísetningu og uppsetningu raftækja.

Mistök við tengingu geta leitt til skemmda á stillinum! Ekki er veitt ábyrgð vegna skemmda sem rekja má til rangrar tengingar eða óviðeigandi meðferðar!


Áður en unnið er með tækið skal taka strauminn af leiðslum og koma í veg fyrir að hægt sé að setja hann aftur á!

EKKI má nota sjálfvirka loftræstingu án þess að gera frekari öryggisráðstafanir með brunastöðum í herberginu.



Límpúðar límdir á

Áður en rakastillirinn er settur á skal líma meðfylgjandi límpúða á horn rammans.



Tækniliðing

Stillisvið:	20% til 95% rh (rakastig)
Vikmörk mælinga:	± 5% rh
Skiptibil:	± 2% fast
Vinnlususpenna:	230 V AC / 50 Hz
Liðaútgangur:	með spennu (lokunarsnerta)
Mesti leyfil.	8 A (cos φ = 1) eða 4 A (cos φ = 0,6), 230 V AC
skiptistraumur:	
Leiðsla að álagi:	hám. 100 m, ≥ 1,5 mm²
Hitasvið:	0 til +50 °C
Varnarflokkur:	IP 20